

Boulois gegn Lúxemborg– Yfirdeild

Dómur frá 3. apríl 2012

Mál nr. 37575/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Fangar. Leyfi úr fangelsi. Réttindi og skyldur að einkamálarétti.

1. Málsatvik

Kærandi, Thomas Boulois, er franskur ríkisborgari, fæddur árið 1972. Árið 2001 hlaut hann 15 ára fangelsisdóm fyrir líkamsárás, nauðgun og frelsisskerðingu. Meðan á afplánun refsingarinnar stóð sótti kærandi ítrekað um dagsleyfi til að sinna ákveðnum erindum utan fangelsisins. Árin 2003 og 2004 höfnuðu fangelsisýfirvöld tveimur umsóknum kæranda. Í kjölfarið fór kærandi fram á að stjórnsludómstóll úrskurðaði um lögmæti ákvarðananna. Stjórnsludómstóllinn vísaði máli kæranda frá. Á næstu þremur árum var fimm öðrum umsóknum kæranda um tímabundið leyfi hafnað. Þann 31. október 2008 veitti stjórn fangelsisins kæranda dagsleyfi til að sinna erindum utan fangelsisins. Kærandi fékk í kjölfarið fimm sinnum tveggja daga dagsleyfi til að sinna ýmsum erindum. Árið 2009 var fallist á umsókn kæranda um að hann yrði fluttur í Givenich-fangelsið sem er opnara en Schrassig-fangelsið. Eftir að kærandi fór í hið nýja fangelsi fékk hann tækifæri til að stunda nám sem kokkur og leita sér að vinnu utan fangelsisins. Þann 15. júlí 2010 var fallist á að veita kæranda skilorðsbundna reynslulausn úr fangelsinu, þremur mánuðum áður en dómur hans gerði ráð fyrir slíku, enda hafði kærandi þá útvegað sér vinnu og sýnt fram á bætta hegðun.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að hafna umsóknum hans um dagsleyfi og með ákvörðun stjórnsludómstólsins um að vísa frá máli hans hefði verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Til að skera úr um það hvort 6. gr. sáttmálans ætti við í þessu máli varð dómstóllinn að meta hvort kærandi hefði notið réttar samkvæmt umræddu ákvæði. Að mati dómstólsins tryggði 6. gr. sáttmálans ekki hvaða borgaralegu réttindi og skyldur sem væru. Þannig gæti dómstóllinn ekki skapað efnislegan rétt sem ekki ætti lagastöð í viðkomandi ríki. Málið varð því að skoða út frá þeim ákvæðum landsréttar sem reynt hefði á í málinu og beitingu þeirra af hálfu dómstóla heimaríkisins. Dómstóllinn áréttaði að málið varðaði það hvort til staðar væri sjálfstæður réttur til að fá dagsleyfi úr fangelsi líkt og kærandi hélt fram. Samkvæmt lögum Lúxemborgar var heimilt en ekki skylt að veita slík leyfi við vissar aðstæður. Samkvæmt skýringargögnum með lögnum gat ákvörðun um það hvort veita ætti leyfi aldrei verið sjálfvirk og slíkar ákvarðanir væru alfarið á ábyrgð fangelsismálayfirvalda. Stjórn fangelsis hefði ákveðið svigrúm við mat á því hvort fangi ætti rétt á að fá að njóta umræddra forréttinda. Löggjöfin væri hins vegar skýr um fyrirkomulag leyfanna og skilyrði þess að veita þau. Til að mynda varð stjórn fangelsis að meta umsókn fanga með hliðsjón af umsögn ráðgjafarnefndar varðandi hegðun og persónuleika umrædds fanga auk þess sem meta varð hvort hætta væri á að fangi bryti af sér á nýjan leik. Kærandi gat ekki sýnt fram á að hann hefði ekki notið réttar sem viðurkenndur væri af réttarkerfi Lúxemborgar. Að lokum benti dómstóllinn á að rétturinn til að fá leyfi frá afplánun væri hvorki verndaður af sáttmálanum né viðurkenndur samkvæmt þjóðarétti. Þá væri hvorki samstaða meðal aðildarríkja Evrópuráðsins varðandi það hvernig slíkur réttur skyldi útfærður né hvert inntak hans ætti að vera. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að 6. gr. sáttmálans ætti ekki við í þessu máli.

Tveir dómamarar skiluðu séráliti.